

Alþingi  
Fjárlaganefnd  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 4. október 2024

*Umsögn, frumvarp til fjárlaga 2025, mál 1, 151. löggjafarþing.*

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga og byggir að meginhluta á umsögn til fjárlaganefndar frá í vor um þingsályktun að Fjármálaáætlun 2025-29<sup>1</sup>.

Því er beint til fjárlaganefndar að taka til umfjöllunar eftirfarandi áherslur og vísast til greinargerðar í umsögn um fjármálaáætlun nema annað sé tekið fram.

Lögd er áhersla á eftirfarandi mál við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga 2025:

- Aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu og viðhalds vega. Úrelt regluverk frá 2012 um vetrarþjónustu setur Vestfirði flokk með skemmsta opnunartíma miðað við alla aðra landshluta og takmarkað fjármagn er farið að draga úr þjónustu.
- Uppbygging Tetra sambands samhliða farnetsuppbyggingu 2025. Í Fjarskiptaáætlun Vestfjarða<sup>2</sup> er fjallað um slitrótt samband og sambandsleysi Tetrakerfa og í reynd á sömu vegköflum þar sem er slitrótt samband og sambandsleysi farnetskerfa. Bæði almenningur og viðbragðsaðilar eru því án tengingar á löngum köflum á stofnvegum á Vestfjörðum. Sömu vegkaflar hafa einnig skemmstan opnunartíma vetrarþjónustu og eykur það til viðbótar óöryggi vegfarenda samhliða sambandsleysi.

Stjórnvöld hafa sett fram metnaðarflulla áætlun um að farnetskerfi dekki allt stofnvegakerfi landsins eigi síðar en árið 2026. Meginþungi verkefnsins er á árinu 2025 og væri farið illa með opinbert fé ef ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu Tetrakerfis samhliða s.s. samnýtingu verktaka.

Lögreglan á Vestfjörðum og viðbragðsaðilar hafa að beiðni Vestfjarðastofu lagt mat á forgangsöröðun verkefna. Þeir leggja áherslu að í fyrsta fasa uppsetningu búnaðar á árinu 2025, verði við stofnvegi sem eru algjörlega án dekkunar, er áætlaður kostnaður um 50 mkr.

- Aukið fjármagn til rannsókna og hönnunar jarðgangakosta á Vestfjörðum
- Sérstakt átak verði sett til gera úrbætur í öryggismálum einbreiðra jarðganga, efla forvarnir, vöktun og viðbragð.
- Tryggt verði fjármagn til nýframkvæmda til að ljúka við síðasta áfanga í vegagerð um Dynjandisheiði og verkefninu verði lokið á árinu 2025.
- Tryggt verði fjármagn til nýframkvæmda til að hefja útboð á þverun Gufufjarðar og Djúpatjarðar á árinu 2025 og miðað við að verkefninu sé lokið 2026.
- Tryggt verði fjármagn til endurbóta og nýframkvæmda á Strandavegi norður í Árneshrepp, minnt er hér á fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í sveitarfélaginu.

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-2285.pdf>

<sup>2</sup> <https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2024/fjarskiptaanaetlun-vestfjarda-mars-2024.pdf>

- Aukið fjármagn til að hraða endurmati á ofanflóðahættu til að hefja megi undirbúning útboðs nýrra verkefna og til endurmats á svæðum sem þegar hafa verið varinn.
- Aukið fjármagn renni til svæðisbundinnar markaðssetningar ferðaþjónustu, til sóknaráætlana og ráðgjöf í atvinnu og byggðapróun (sjá einnig erindi landshlutasamtaka sveitarfélaga til fjárlaganefndar).
- Ótrygg staða smærri rannsóknastofnana og starfstöðva.  
Viðvarandi skerðingar síðustu ára á fjárhagsramma smærri stofnana og starfstöðva stofnana utan höfuðborgarsvæðis, eru að sliga rekstur þeirra. Markmið fjárlaga og fjármálaáætlunar er hér í raun í klárri andstöðu við markmið stjórnvalda um fjölgun starfa, eflingu framhaldsmenntunar, rannsókna og þekkingar til eflingu byggðar um land allt.

### Auðlindagjöld og mismunun samfélaga.

Íslensk þjóðfélag hefur byggst og byggir enn að verulegu leyti á nýtingu náttúruauðlinda. Þjóðfélagið hefur notið arðs af þeirri starfsemi og hefur nýtt þann arð til að byggja upp nýjar atvinnugreinar og innviði.

Meginstraumur stjórn málaumræða er fylgjandi því að auk almennrar skattheimtu, beri að innheimta auðlindagjald af nýtingu náttúruauðlinda en verulega munar á útfærslu og fjárhæð þeirra gjalda. Nefndir eru sex yfirflokka, eða náttúruauðlindir a) lands, b) hafs, c) stranda, d) vatns, e) orkuauðlindir og f) villt dýr, þ.m.t. fiskar, fuglar og spendýr.

Meginþungi auðlindagjalds í dag er tengdur starfsemi á hafi og við strendur þ.e. sjávarútvegur og sjókvíaelði, en þrátt fyrir áratuga umræðu um auðlindagjöld á aðrar náttúruauðlindir þá næst ekki niðurstaða. Hinsvegar þá var nær strax mörkuð sú stefna að sjókvíaelði greiði auðlindagjöld í formi framleiðslugjalds og gjald í umhverfissjóð fiskeldis. Frá árinu 2014 hafa alls 3 ma verið innheimtir af sjókvíaelði og þar af 2,5 ma árabílinu 2020-2023 og fer stigvaxandi á næstu árum.

Leiða má líkum að því að hlutur vestfirskra samfélaga af beinu auðlindagjaldi, sé hæst í samanburði landshluta og mun aukast þegar eldisheimildir eru komnar í fulla nýtingu. Á sama tíma eru önnur samfélög að njóta hags af t.d. af nýtingu jarðvarma og greiða sér ríkulegan arð af þeirri starfsemi til reksturs og uppbyggingu samfélaganna. Hér er ákall um að samræmd verði auðlindagjaldtaka á allar auðlindir og mörkuð stefna um hlutdeild nærsamfélaga af þeim arði.

Fjórðungssamband og Vestfjarðastofa vísa að öðru leyti til umsagnar um þingsályktun um fjármálaáætlun 2025-2029 og eru tilbúin til fundar með fjárlaganefnd. Eins að áskilja sér rétt til að koma síðar að málinu með vísan til afgreiðslu mála 69. Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið verður síðar í október.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.